

Ársskýrsla flutt á ársþingi Kraftlyftingasambands Íslands sem háð var þ. 26.2.2017 í húsnæði ÍSÍ í Laugardal, Reykjavík.

Aths. Tölur í sviga í þessari ársskýrslu eru tölur fyrra árs.

Ágæta kraftlyftingafólk,

Velkomin til sjöunda ársþings Kraftlyftingasambands Íslands eftir að það var stofnað á nýjan leik innan vébanda Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands þann 15. apríl 2010.

Árið sem leið var viðburðaríkt í íslenskum kraftlyftingum, rétt eins og árin á undan. Félögum og iðkendum hélt áfram að fjölga og íslenskt kraftlyftingafólk keppti á mörgum alþjóðamótum með góðum árangri. Þá voru haldin tvö alþjóðamót á Íslandi, Reykjavík International Games og Evrópumeistaramótið í bekkpressu og er óhætt að segja að reynsla sé að komast á alþjóðalegt mótahald hér á landi.

Landsliðs- og þjálfaramál eru mikilvægur þáttur í starfinu, en á árinu var mótað skýrara verklag í landsliðsmálum og ný landsliðslágmörk voru sett. Þetta var gert í samvinnu við nýtt ráð, þjálfararáð, sem stofnað var til að vera samráðsvettvangur þjálfara allra félaga innan KRAFT. Mun þjálfararáði þannig gefast kostur á að koma með tillögur um þjálfun, landsliðsmál og landsliðsverkefni, svo eitthvað sé nefnt. Samhliða þessum breytingum var staða landsliðsþjálfara formlega lögð niður.

Verkefni stjórnar og nefnda voru mörg á árinu enda umsvif sambandsins að aukast. Vegna mikillar vinnu sem hvílir á stjórn sambandsins var ráðinn starfmaður á skrifstofu til að létta undir, en starfsmaður sér m.a. um skráningar á alþjóðamót, samskipti við alþjóðasambönd og aðra umsýslu á skrifstofu KRAFT.

Afrek ársins

Í heildina fengum 13 (10) gull, 6 (9) silfur og 10 (4) brons, samtals 29 (23) verðlaunapeninga á 11 alþjóðlegum mótum á árinu 2016. Mótum eins og þau gerast sterkust í greininni í heiminum.

Reykjavík International Games 2016 (stigakeppni) – 30. janúar, Reykjavík/Ísland.

Bronsverðlaun: Ragnheiður Kr. Sigurðardóttir, Gróttta, -57 kg flokki

5. sæti Birgit Rós Becker, Breiðablik, -72 kg flokki

6. sæti Hulda B. Waage, KFA, -72 kg flokki

Féll úr – Helga Guðmundsdóttir, LFH, - 63 kg flokki

Féll úr – Tinna Rut Traustadóttir, Gróttta, -57 kg flokki

Silfurverðlaun: Júlían J. K. Jóhannsson, Ármann, +120 kg flokki

Bronsverðlaun: Viktor Samúelsson, KFA, -120 kg flokki

5. sæti Dagfinnur Ari Normann, Stjarnan, -83 kg flokki

6. sæti Þorbergur Guðmundsson, KDH, +120 kg flokki

7. sæti Alex Cambray Orrason, KFA, -120 kg flokki

8. sæti Jón Einarsson, Ármann, -74 kg flokki

9. sæti Jón Sævar Brynjólfsson, Stjarnan, -83 kg flokki

Féll úr – Aron Friðrik Georgsson, Stjarnan, -120 kg flokki

Norðurlandamót unglunga og drengja/stúlkna í kraftlyftingum – 19.-20. febrúar, Kathrineholm/Svíðþjóð.

Gullverðlaun: Fríða Björk Einarsdóttir, Gróttta, -84 kg flokki stúlkna

Gullverðlaun: Inga María Henningsdóttir, Massi, -84 kg flokki unglunga

Gullverðlaun: Þorbergur Guðmundsson, KDH, +120 kg flokki unglunga

Bronsverðlaun: Guðfinnur Snær Magnússon, Breiðablik, +120 kg flokki unglunga

Norðurlandamót unglunga og drengja/stúlkna í klassískum kraftlyftingum – 19.-20. febrúar, Kathrineholm/Svíðþjóð.

4. sæti Kara Gautadóttir, KFA, -63 kg flokki unglunga

Gullverðlaun: Óskar Helgi Ingvason, KFA, -74 kg flokki drengja

Silfurverðlaun: Aron Ingi Gautason, KFA, -66 kg flokki unglunga

Bronsverðlaun: Dagfinnur Ari Normann, Stjarnan, -83 kg flokki unglunga

5. sæti Arnar Harðarson, KFA, -93 kg flokki unglunga

6. sæti Karl Anton Löve, KFA, -93 kg flokki unglunga

Evrópumeistaramót í klassískum kraftlyftingum – 5.-12. mars, Tartu/Eistlandi.

6. sæti Ragnheiður Kr. Sigurðardóttir, Gróttta, -57 kg flokki

9. sæti Tinna Rut Traustadóttir, Gróttta, -57 kg flokki

11. sæti Birgit Rós Becker, Breiðablik, -72 kg flokki

Evrópumeistaramót unglunga og drengja/stúlkna í kraftlyftingum – 13.-17. apríl, Malaga/Spáni.

Gullverðlaun: Júlían J. K. Jóhannsson, Ármann, +120 kg flokki unglunga

Heimsmeistaramót í bekkpressu – 18.-21. apríl, Rödby/Danmörku.

Silfurverðlaun: Fanney Hauksdóttir, Gróttá, -63 kg flokki

Silfurverðlaun: Viktor Samúelsson, KFA, -120 kg flokki unglunga

Bronsverðlaun: Viktor Ben Gestsson, Gróttá, +120 kg flokki unglunga

Evrópumeistaramót í kraftlyftingum – 10.-14. maí, Pilsen/Tékklandi.

Féll úr - Helga Guðmundsdóttir, LFH, -63 flokki

Heimsmeistaramót í klassískri bekkpressu – 18.-21. maí, Potchefstroom/Suður-Afríku.

Gullverðlaun: Fanney Hauksdóttir, Gróttá, -63 kg flokki

Heimsmeistaramót í klassískum kraftlyftingum – 19.-26. júní, Killeen/Bandaríkjunum.

6.sæti Birgit Rós Becker, Breiðablik, -72 kg flokki

12.sæti Dagfinnur Ari Normann, Stjarnan, -83 kg flokki

Bronsverðlaun: Laufey Agnarsdóttir, Gróttá, -84 kg flokki M1

Bronsverðlaun: Sigríður Dagmar Agnarsdóttir, Gróttá, -57 kg flokki M3

Evrópumeistaramót í bekkpressu – 18.-20. ágúst, Njarðvík/Íslandi.

Gullverðlaun: Fanney Hauksdóttir, Gróttá, -63 kg flokki

4. sæti Helga Guðmundsdóttir, LFH, -72 kg flokki

Féll úr – Hulda B. Waage, KFA, -84 kg flokki

Féll úr – Árdís Ósk Steinarsdóttir, Ármann, +84 kg flokki

Bronsverðlaun: Einar Örn Guðnason, Kraftlyftingadeild Akraness, -105 kg flokki

4. sæti Jón Einarsson, Ármann, -74 kg flokki

Gullverðlaun: Kara Gautadóttir, KFA, -57 kg flokki unglunga

Gullverðlaun: Aron Ingi Gautason, KFA, -66 kg flokki unglunga

Silfurverðlaun: Dagfinnur Ari Normann, Stjarnan, -83 kg flokki unglunga

Gullverðlaun: Karl Anton Löve, KFA, -93 kg flokki unglunga

Gullverðlaun: Viktor Samúelsson, KFA, -120 kg flokki unglunga

Gullverðlaun: Viktor Ben Gestsson, Gróttá, +120 kg flokki unglunga

Silfurverðlaun: Guðfinnur Snær Magnússon, Breiðablik, +120 kg flokki unglunga

Heimsmeistaramót unglunga og drengja/stúlkna í kraftlyftingum – 29. ágúst – 3. sept., Szczyrk/Póllandi.

Gullverðlaun: Júlían J. K. Jóhannsson, Ármann, +120 kg flokki unglunga

Bronsverðlaun: Þorbergur Guðmundsson, KDH, +120 kg flokki unglunga

Bronsverðlaun: Viktor Samúelsson, KFA, -120 kg flokki unglunga

Heimsmeistaramót í kraftlyftingum – 13. – 19. nóvember, Orlando/Bandaríkjunum.

12. sæti Helga Guðmundsdóttir, LFH, -72 kg flokki kvenna

5. sæti Júlían J. K. Jóhannsson, Ármann, +120 kg flokki

6. sæti Viktor Samúelsson, KFA, -120 kg flokki

Alþjóðamet:

Faney Hauksdóttir, Gróttá, -63 kg flokki - Norðurlandamet í bekkpressu (single lift) 152,5 kg.

Faney Hauksdóttir, Gróttá, -63 kg flokki - Norðurlandamet í bekkpressu (single lift) 155 kg.

Arnór Gauti Haraldsson, LFH, 83 kg flokki – Norðurlandamet drengja í klassískri hnébeygju 200 kg.

Viktor Samúelsson, KFA, -120 kg flokki – Norðurlandamet unglunga í hnébeygju 375 kg.

Viktor Samúelsson, KFA, -120 kg flokki – Norðurlandamet unglunga í bekkpressu 307,5 kg.

Viktor Samúelsson, KFA, -120 kg flokki – Norðurlandamet unglunga í bekkpressu (single lift) 307,5 kg.

Viktor Samúelsson, KFA, -120 kg flokki – Norðurlandamet í bekkpressu 307,5 kg.

Viktor Samúelsson, KFA, -120 kg flokki – Norðurlandamet unglunga í samanlögðum árangri 1000 kg.

Júlían J. K. Jóhannsson, Ármann, +120 kg flokki – Norðurlandamet unglunga í klassískri réttstöðulyftu 342,5 kg.

Júlían J. K. Jóhannsson, Ármann, +120 kg flokki – Evrópumet unglunga í klassískri réttstöðulyftu 342,5 kg.

Júlían J. K. Jóhannsson, Ármann, +120 kg flokki – heimsmet unglunga í klassískri réttstöðulyftu 342,5 kg.

Júlían J. K. Jóhannsson, Ármann, +120 kg flokki – Norðurlandamet unglunga í samanlögðum árangri í klassískum kraftlyftingum 837,5 kg.
Júlían J. K. Jóhannsson, Ármann, +120 kg flokki – Norðurlandamet unglunga í réttstöðulyftu 380 kg.
Júlían J. K. Jóhannsson, Ármann, +120 kg flokki – Evrópumet unglunga í réttstöðulyftu 380 kg.

Þá var fjöldi íslandsmeta settur á innanlandsmótum og keppendur unnu verðlaun fyrir einstakar greinar á alþjóðamótum. Lið Kraftlyftingadeildar Gróttu var stigahæst á árinu í kvennaflokkum en Kraftlyftingafélag Akureyrar varð stigahæsta kraftlyftingafélag ársins í karlaflokki.

Félagamál og Felix

Aðildarfélög KRAFT eru nú 20 talsins og fjölgaði þeim um eitt á árinu, en þá bættist við Kraftlyftingafélag Reykjavíkur. Þá er í bígerð stofnun þriggja annarra félaga/deilda víðsvegar á landsbyggðinni. Starfsemin hjá flestum félögunum er öflug þótt auðvitað séu félögin misstór og mislangt á veg komin.

Alls eru nú skráðir 1574 (1346) iðkendur í kraftlyftingafélög í Felix félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ og er það ágætis aukning á árinu. Gaman væri að sjá 2000 iðkendur skráða í lok þessa árs og er það raunhæft markmið, því eins og komið hefur fram, þá er verið að vinna að stofnun fleiri félaga og eins virkar góður árangur landsliðshópsins okkar, sem hvatning til kraftlyftingaiðkunar.

Stjórn og stjórnarfundir

Stjórn sambandsins var þannig skipuð á sl. ári.

Borghildur Erlingsdóttir formaður

Gry Ek varaformaður

Rósa Birgisdóttir ritari

Alex Cambray Orrason gjaldkeri

Ása Ólafsdóttir meðstjórnandi

Róbert Kjarran meðstjórnandi

Kári Rafn Karlsson meðstjórnandi

Stjórnin hélt 11 (10) bókaða stjórnarfundir og tvo formannafundi á árinu 2016. Auk þess hafa eins og gengur og gerist verið haldnir margir minni óskráðir vinnufundir, fundir með ýmsum félagasamtökum og opinberum aðilum. Það er því ljóst að stjórnarmenn leggja fram gríðarlega mikla

vinnu og vil ég því nota tækifærið hér og þakka stjórnarmönnum kærlega fyrir hið mikla, óeigingjarna og góða framlag þeirra. Þetta er búið að vera gott og lærdómsríkt ár í góðum félagsskap.

Mótamál

Starf mótanefndar var í höndum Ásu Ólafsdóttur, Einars Arnars Guðnasonar og Þorbergs Guðmundssonar. Mótaskrá 2017 hefur verið birt á heimasíðu KRAFT og samanstendur hún bæði af innanlands- og alþjóðamótum, sem íslenskir keppendur munu spreyta sig á. Mörg mót eru haldin bæði innanlands og erlendis og er því mótaskrá sett saman með það í huga að innanlandsmót séu samhæfð alþjóðamótaskrá. Á árinu 2016 voru haldin tíu mót á vegum KRAFT svo og innanfélagsmót sem ekki voru á mótaskrá. Stjórn KRAFT hefur mótað þá stefnu að félögin sjái um allt mótahald en að stjórnin einbeiti sér að öðrum stjórnarstörfum. Félögin hafa staðið sig mjög vel hvað allt mótahald snertir.

KRAFT hefur verið þátttakandi á íþróttaleikunum Reykjavík International Games (RIG) sem fram fara í janúar ár hvert. Í ár var haldið þriggja greina mót í klassískum kraftlyftingum, eins og í fyrra og var mótahald áfram í samvinnu við Lyftingasamband Íslands. Sjónvarpað var frá stærstum hluta mótisins og eru menn sammála um að íþróttagreinin hafi vakið mikla athygli í kjölfar þessarar útsendingar hjá RÚV. Mótið er á mótaskrá Alþjóða kraftlyftingasambands (IPF) og því hægt að setja Evrópu- og heimsmet í keppninni. Bæði erlendir keppendur á heimsmælikvarða og dómara komu til landsins á mótið m.a. forseti Kraftlyftingasambands Evrópu (EPF) Arnulf Wahlström og Myriam Busselot úr tækninefnd IPF.

Agamál og aganefnd

Á árinu ári 2014 samþykkti stjórn KRAFT reglugerð um aganefnd og skipaði í nefndina í kjölfarið. Anna Sigríður Árnadóttir var kjörin formaður nefndarinnar, en ásamt henni eru Grétar Dór Sigurðsson og Sturla Ólafsson í nefndinni. Tvö mál komu til nefndarinnar á árinu 2016 og hefur nefndin skilað úrskurðum sínum.

Heimasíða, Facebook og Flickr

Heimasíða sambandsins hélt áfram að gegna sínu lykilhlutverki. Ýmsar mikilvægar upplýsingar eru birtar þar s.s. auglýsing móta, úrslit þeirra,

fundarboð o.fl. Einnig eru birtar þar fréttir úr kraftlyftingaheiminum og góður árangur landsliðsfólksins okkar fær að sjálfsgöðu sitt pláss . Varaformaður sambandsins Gry Ek og Róbert Kjaran hafa séð um vefinn í samvinnu við Maríu Guðsteinsdóttur, starfsmann KRAFT. Auk kraft.is hefur sambandið Facebooksíðu sem mikil umferð er um og nýtur hún aukinnar vinsælda.

Flickr ljósmyndasíða á slóðinni

<http://www.flickr.com/photos/kraft2010/sets> er uppfærð reglulega eftir mót. Sambandið á því verulegt ljósmyndasafn sem aðgengilegt er fyrir alla en ávallt skal leita samþykkis höfundar fyrir notkun mynda úr safninu og geta hans.

Styrkjamál

Afrekssjóður úthlutaði til KRAFT í desember sl. samtals kr. 6.600.000 (5.750.000). Styrkveiting nam 2.200.000 kr. vegna landsliðsverkefna, 1.500.000 kr. vegna verkefna Fanneyjar Hauksdóttur og Júlíans J. K. Jóhannsson og 800.000 kr. vegna verkefna Viktors Samúelssonar. Þá fer hluti fjármagnsins í fræðslu og fagteymisaðstoð. Af 26 sérsamböndum sem úthlutun fengu vorum við það 10. í röðinni hvað varðar upphæð. Frekari styrkjum verður úthlutað á árinu 2017 og mun úthlutun eiga sér stað að loknu Íþróttapeingi ÍSÍ, þegar framtíðaráherslur íþróttahreyfingarinnar varðandi afreksstarf eru ljósar og mótuð hefur verið ný reglugerð fyrir Afrekssjóð ÍSÍ sem tekur á þeim möguleikum sem stóraukið framlag ríkisins til sjóðsins felur í sér.

Afreksfólk – Kraftlyftingakona og kraftlyftingakarl ársins

Árlega eru kraftlyftingakona og -karl valin af stjórn sambandsins eftir viðmiðum reglugerðar um val á kraftlyftingamanni ársins. Árið 2016 urðu hlutskörpust í kjöri þessu, þau Fanney Hauksdóttur og Júlían J. K. Jóhannsson.

Júlían komst síðan í hóp 10 efstu í tilnefningu íþróttافرéttamanna á Íþróttamanni ársins 2016 og hafnaði að lokum í 7. sæti með 80 stig. Það er til marks um hversu vel okkar fólk hefur gengið, að um þessi áramót var kraftlyftingafólk kjörið íþróttamaður ársins í fjórum stórum bæjarfélögum. Fanney Hauksdóttir á Seltjarnarnesi, Viktor Samúelsson á Akureyri, Júlían J.K. Jóhannsson í Reykjavík og Dagfinnur Ari Normann í Garðabæ. Þetta er svo sannarlega eftirtektarverður árangur.

Erlend samskipti

Að venju sóttu fulltrúar KRAFT ársþing EPF og IPF. Þetta er sjöunda árið sem við sendum fulltrúa á þessi þing. Þátttaka Íslendinga í alþjóðastarfi kraftlyftinganna skiptir verulegu máli og mikilvægt er að mynda sterk og góð tengsl við alþjóðastofnanir. Eins og er þá á KRAFT nokkra fulltrúa í stöðum innan NPF, EPF og IPF. Sigurjón Pétursson er varaforseti IPF og formaður lyfjanefndar IPF. Gry Ek varaformaður KRAFT er fulltrúi Íslands í Norðurlandasambandinu og situr í kvennanefnd IPF og Gunnlaug Olsen starfar í unglínganefnd IPF.

Landsliðsmál – Afreksstefna Ég setti ekki neitt hér inn að ráði, því afreksstefnan verður kynnt sérstaklega.

Landsliðsnefnd undir forystu Sturlu Ólafssonar vann mikið og gott starf á árinu. Í upphafi ársins var gerð heildstæð og ítarleg áætlun fyrir þátttöku á öllum erlendum mótum ársins. Áætlunin var síðan lögð fyrir stjórn til samþykktar. Í kjölfarið var síðan gengið frá endurskoðuðum samningum við alla landsliðsmenn.

Á formannafundi í maí og síðan aftur í september fór fram ítarlega endurskoðun á stefnunni og hún mótuð fyrir tímabilið 2016-2020. Rétt er að geta þess að þótt stefnan hafi nú verið mótuð fyrir næstu fimm ár þarf hún samt sem áður að vera í sífelldri endurskoðun.

Landsliðsþjálfarinn Grétar Hrafnsson lagði fram mikla og óeigingjarna vinnu á árinu og ber að þakka honum allan þann tíma sem hann hefur lagt fram sem er langt umfram hans samningsskyldur.

Fræðslumál

Fræðsla er mikilvægur þáttur í kraftlyftingastarfinu og hefur fræðslunefnd séð um að bjóða upp á fyrirlestra, fyrir íþróttafólk, þjálfara og aðra áhugasama. Fræðslunefnd, skipuð þeim Gry Ek, Láru Bogey Finnbogadóttur og Maríu Guðsteinsdóttur stóð fyrir fræðslufundi um næringu kraftlyftingafólks. Erindið flutti Agnes Þóra Árnadóttir íþróttanæringarfræðingur og var hann vel sóttur, bæði af kraftlyftingafólki sem og fólki úr öðrum íþróttagreinum.

Dómaramál

Dómaranefnd undir forystu Helga Haukssonar vann vel á árinu. Nefndin sér m.a. um menntun nýrra dómara. Fimm nýir dómarar bættust á árinu á dómaraalista KRAFT. Þau eru Júlían J. K. Jóhannsson, Ármanni, Aron Ingi Gautason, KFA, Ása Ólafsdóttir, María Björk Óskarsdóttir og Hulda Elsa Björgvinsdóttir, allar úr Gróttu. Enginn innanlandsdómari öðlaðist

alþjóðleg dómararéttindi á árinu en nú í næsta mánuði mun Aron Teitsson þreyta alþjóðlegt dómarapróf á Evrópumótinu í klassískum kraftlyftingum. Æskilegt er að bæta við fleiri alþjóðlegum dómurum, en skv. lögum EPF og IPF ber okkur skylda til að leggja til dómara ef keppendur frá Íslandi eru fleiri en 4.

Lyfjamál hér á ég eftir að fá upplýsingar frá Birgi hjá lyfjaeftirliti. Var búin að biðja um þessar uppl. Hjá honum. Hér er gott tækifæri að taka fram að enginn hafi fallið í lyfjaprófi og það sé eitthvað sem við megum vera stolt af.

Lyfjaeftirlit ÍSÍ framkvæmdi **13?** lyfjapróf á meðlimum KRAFT árið **2016**. Sýni voru tekin af **8?** körlum og **5?** konum, **2?** próf voru tekin í keppni, **11?** utan keppni. Lyfjaeftirlitið fékk í hendur í upphafi ársins lista yfir alla landsliðsmenn, hvenær þeir munu taka þátt í mótum erlendis, æfingastaði, æfingatíma og nafn þjálfara. Samið hefur verið við eftirlitið að það prófi hvern einasta landsliðsmanna einhvern tíma á sex mánaða tímabili fyrir keppni.

Reglugerðir og endurskoðun laga KRAFT Þessi kafli verður eiginlega að bíða og klára eftir þingið. Eina sem ég hef fundið er endurskoðun á reglugerð um kraftlyftingakeppnir og þjálfararáð. Betra að fá nákvæmt yfirlit um þetta frá laganeftnd áður en skýrslan er fullunnin.

Á árinu voru samþykktar lagabreytingar á Kraftlyftingabingi 2016 og nokkrar reglugerðir endurskoðaðar og samþykktar af stjórn KRAFT.

1. Breytingar á lögum KRAFT á síðasta þingi
2. Þann 7. desember var gefin út ný og endurskoðuð reglugerð um kraftlyftingakeppnir. Þessa reglugerð er sífellt verið að endurbæta eftir því sem reynsla segir til um.
- 3.
- 4.
- 5.
- 6.
7. Þann 8. Júní var gefin út ný reglugerð um þjálfararáð.
- 8.
- 9.
- 10.

Skrifstofa

Sambandið er með skrifstofu í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Umfang starfseminnar er orðið það mikið að starfskraftur, María Guðsteinsdóttir, var ráðin til starfa í lok júní. Vinnuálag á sumu stjórnarmenn er meira en góðu hófi gegnir og ekki er hægt er að fara fram á slíkt við sjálfboðaliða til langframa. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir kr. 3.000.000 til þessa þáttar í starfseminni á árinu 2016.

Fjármál

Litið um öxl og fram á veginn mætti held ég alveg sleppa þessum kafla. Setjum hann bara inn á næstu tímamótum t.d. 10 ára afmæli KRAFT

Að lokum Skemmtilegast að þú segir eitthvað frá þér þarna í lokin, bara eitthvað örstutt

Margt fleira mætti nefna úr starfinu á árinu sem er að líða en ég læt hér staðar numið. Þó má nefna að fjárhagur sambandsins verður betri með hverju ári, lausafjárstaðan er góð og sambandið er ekki skuldsett. Umsvifin eru að aukast og afrek landsliðsfólksins okkar tala sínu máli. Óhætt er að segja að KRAFT sé á réttri leið og að framtíðin sé björt. Mestu máli skiptir að starfið haldi áfram í þeim góða farvegi sem við höfum fundið okkur og að kraftlyftingar haldi þeim virðingasess sem þær hafa áunnið sér á síðustu árum.

1.

, . 2017

Borghildur Erlingsdóttir